

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 332/1994.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Önnu Jónu Kristinsdóttur

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

Tolllagabrot. Áfengislög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærða áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákærvalds verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1994. Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Af hálfu ákærðu hefur þess verið krafist aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur með vísan til 158. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, vegna verulegra galla á málsmeðferð í héraði. Til vara er krafist lækkunar á refsingu ákærðu.

Á meðferð málsins og hinum áfrýjaða dómi eru engir þeir gallar, er varðað geta ómerkingu hans.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Anna Jóna Kristinsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. maí 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 31. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdóm-

ara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 234/1944: Ákærvaldið gegn Önnu Jónu Kristinsdóttur, X og Y, sem tekið var til dóms samdægurs.

Mál þetta er í fyrsta lagi höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. apríl sl., á hendur ákærðu, Önnu Jónu Kristinsdóttur, Hrísríma 3, Reykjavík, kt. 311235-4199, X [...] og Y [...], „fyrir eftirgreind áfengis- og tolllagabrot, framin á tímabilinu frá ágúst til október 1992 í Reykjavík:

I. Ákærða Anna Jóna:

Selt meðákærða X samtals 48 l af vodka fyrir 96.000 kr., en áfenginu hafði ákærða smyglað hingað til lands.

— — —

IV.

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 124. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og að gerðir verði upptækir 5,5 l af vodka samkvæmt 1. mgr. 136. gr. tollalaga og 34. gr. áfengislaga“.

Í öðru lagi er málið höfðað með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettri 9. maí sl., á hendur ákærðu, Önnu Jónu, fyrir að hafa við komu ms. Laxfoss, sem ákærða var skipverji á, til Sundahafnar í Reykjavík frá útlöndum 11. apríl 1994, smyglað til landsins 27 lítrum af Smirnoff-vodka, sem tollverðir fundu í bifreiðinni JC-943 í Sundahöfn í Reykjavík sama dag.

Telst þetta varða við 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, og 1. gr. laga nr. 38/1988 um breytingar á þeim lögum, 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. tollalaga nr. 55/1987, og 1. gr., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63/1969.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til að sæta upptöku samkvæmt 34. gr. nefndra áfengislaga, 1. mgr. 136. gr. tollalaga og 8. gr. laga nr. 63/1969 á 27 lítrum af Smirnoff-vodka, sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Með síðari ákærinni var mál einnig höfðað á hendur Valdísi Maríu Valdimarsdóttur, en málið var skilið sundur vegna forfalla hennar.

Málavextir.

Ákærðu játuðu skýlaust hjá lögreglu það atferli, sem þau eru saksótt fyrir. Við þingfestingu málsins hafa þau dregið í land með magnið. Eru dómskýrslur þeirra um þetta sem hér er rakið:

Ákærða, Anna, segist hafa smyglað 48 pelum, sem tóku hálfan lítra hver, en ekki 48 lítrum. Þegar skýrsla ákærðu hjá lögreglunni í Reykjavík, þar sem hún játar að hafa smyglað inn 96 pelum eða 48 lítrum, var borin undir hana, sagðist hún alltaf hafa álitnið, að yfirheyrslan snerist um pela, en ekki

lítra, og sé þetta því misskilningur sinn. Hafi hún verið miður sín, þegar hún gaf skýrsluna, og ekki athugað þetta. Kveðst ákærða hafa selt meðákærða X pelann á 1000 krónur. Aðspurð, hvernig á því standi, að hún hafi þá kannast við, að X hefði greitt henni 96.000 krónur, kveðst hún ekki hafa vitað, hvað hún var að skrifa undir.

Ákærði X kveður magnið hafa verið 48 hálf lítra pela af vodka, en ekki 48 lítra. Kveðst hann hafa álitíð, að yfirheyrslan hjá lögreglunni í Reykjavík snerist um pela, en ekki lítra, og ekki athugað, hvað stóð í skýrslunni, þegar hann skrifaði undir hana, hvorki að því er varðaði magn áfengisins né það gjald, sem hann hefði greitt meðákærðu Önnu Jónu fyrir.

Ákærði Y kannast við að hafa tekið við 24 lítrum af meðákærða X. Kveður hann magnið hafa misritast, bæði í skýrslu sín sjálfs hjá lögreglunni í Reykjavík og eins í frumskýrslu lögreglunnar. Hann kannast við, að hjá sér hafi verið 10 hálfpottspelar af vodka.

Lögreglumenn þeir, sem unnu að rannsókn málsins, hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu um þetta atriði.

Geir Jón Þórisson lögregluþjónn, sem yfirheyrði ákærða X, kveður hann hafa verið samvinnuþýðan við rannsókn málsins og allan af vilja gerðan að upplýsa það. Segir hann það, sem skráð sé eftir honum í skýrslunni, hafa komið frá honum sjálfum. Kveður hann skýrslu ákærða geyma réttan framburð hans, og engan vafa leika á því, að ákærði átti við lítra, en ekki pela, varðandi magntöluna.

Einar Ásbjörnsson lögregluþjónn segist ekki treysta sér til að rifja upp, hvað sér og ákærðu kann að hafa farið á milli um magnið, en hann hafi ekki haft önnur afskipti af málinu en greini í frumskýrslu sinni. Segir þar, að við handtöku hafi ákærði Y viðurkennt að hafa selt 72 pela með 36 lítra af vodka, og kemur þar fram, að í bíl hans og á heimili hafi auk þess fundist 11 pelar með 5,5 l af vodka.

Arnþór Heimir Bjarnason lögreglumaður, sem hafði afskipti af málinu, átti þátt í því að handtaka ákærða Y á Vesturlandsvegi. Hann treystir sér ekki nú til þess að muna vel eftir atvikum. Muni hann ekki eftir að hafa heyrt ákærðu tala um neitt sérstakt magn í þessu sambandi.

Pétur Sveinsson rannsóknarlögreglumaður segist ekki muna nákvæmlega, hvernig orð féllu milli sín og ákærðu við rannsóknina, en fullyrðir, að allt, sem standi í skýrslum þeirra, sé rétt eftir þeim haft og þau undirritað skýrslurnar, eftir að þau hafi lesið þær yfir í öllum tilfellum.

Niðurstaða.

Þegar þess er gætt, að skýrslum ákærðu hjá lögreglu ber saman, að innbyrðis samræmi er um magn og verð í skýrslum Önnu Jónu og X og ekkert

hefur komið fram, sem styrkir hinn breytta framburð þeirra nú, er sannað, að þau gerðust sek um brot þau, sem greinir í fyrri ákæru og réttilega eru þar færð til refsíákvæða.

Sannað er með játningu ákærðu, Önnu Jónu, það atferli, sem hún er sak-sótt fyrir með seinni ákæru, og hefur hún brotið þau lagaákvæði, sem þar greinir.

Refsing ákærðu, Önnu Jónu, þykir vera hæfilega ákveðin 220.000 krónur í sekt, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu. Refsing hvors hinna um sig þykir vera hæfi-lega ákveðin 140.000 krónur í sekt, og komi 40 daga varðhald í stað sektar-innar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærðu til þess að þola upptöku á 5,5 lítrum af vodka, sem fundust hjá ákærða Y og ákærðu Önnu, auk þess til þess að sæta upptöku á 27 lítrum af vodka, sem hjá henni fundust, samkvæmt þeim heimildum, sem tilfærðar eru í ákærunum.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Anna Jóna Kristinsdóttir, greiði 220.000 krónur í sekt, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd inn-an 4 vikna frá dómsbirtingu. Ákærðu X og Y greiði hvor um sig 140.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærðu öll þoli upptöku á 5,5 lítrum af vodka.

Ákærða, Anna, þoli upptöku á 27 lítrum af vodka.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknar-laun í ríkissjóð, 30.000 krónur.
